

Selfossi 10.maí 2022.

Sveitarfélagið Árborg

Austurvegi 2

800 Selfoss

Efni: Selfoss Classic – 75 ára afmælistótt FRÍ.

Eins og kemur fram hér að neðan þá stendur til að halda stórt frjálssíþróttamót á Selfossi í lok maí. Margir greinar verða í boði en hátindur mótsins er að Vésteinn Hafsteinsson kringlukastþjálfari kemur með gull og silfur verðlaunahafa, í kringlukasti, af síðustu Ólympíuleikum, sem hann þjálfar. Sjónvarpað verður frá mótinu og mikið lagt í að hafa flotta umgjörð og aðstæður á svæðinu. Það er ekki á hverjum degi sem verðlaunahafar af Ólympíuleikum mæta til Íslands til keppni. Einnig er hægt að ímynda sér athyglina ef met yrðu sett af þeim, jafnvel heimsmet.

Mótið er samstarfsverkefni Frjálssíþróttasambands Íslands og heimamanna í Frjálssíþróttadeild UMF.Selfoss.

Mótahald af þessu tagi hefur í för með sér heilmikinn kostnað og því er leitað til fjölmargra aðila, fyrirtækja ofl. til að koma að stuðningi viðmótið svo það fari vel fram.

Með bréfi þessu er óskað eftir stuðningi frá Sveitarfélaginu Árborg við mótahaldið með framlagi uppá kr. 500.000,- eða greiddri þjónustu eða framlagi af sama andvirði. Í staðinn verður Árborg sett fram sem stór stuðningsaðili við framkvæmd mótsins á plakötum, heimasíðu og öðrum auglýsingum.

Með von um jákvæðni og stuðning við mótið,

f.h Frjálssíþróttadeildar UMF.Selfoss

Sigríður Anna Guðjónsdóttir starfsmaður.

Selfoss Classic – 75 ára afmælistímót FRÍ

Þann 28. maí fer fram boðsmótið Selfoss Classic – 75 ára afmælistímót FRÍ á Selfossvelli. Margt af okkar fremsta frjálsíþróttafólki mun keppa ásamt sterkum erlendum keppendum. Vésteinn Hafsteinsson, fyrrum Íslandsmethafi í kringlukasti, mætir með strákana sína, Daniel Ståhl og Simon Pettersson sem unnu til gull- og silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Tókýó á síðasta ári.

Það verður skemmtileg dagskrá í boði fyrir alla sem hafa áhuga á að kynnst því hvernig líf og þjálfun afreksíþróttamanns er háttað. Vésteinn mun halda fyrirlestur um afreksþjálfun, það verður opin æfing með Ståhl og Pettersson þar sem fólk getur séð hvernig þeir æfa og spurt spurninga. Einnig verður hægt að fá eiginhandaáritanir og verður blaðamannafundur fyrir fjölmiðla. Nánari upplýsingar varðandi dagskrá koma síðar.

Allar nánari upplýsingar munu koma á facebook viðburð mótsins sem má finna [hér](#).

Hér má sjá drög að tímaseðli:

12:00	Sleggjukast	Blandað
13:00	Hástökk	Konur
13:20	100m	Karlar / U18 piltar
13:30	100m	Konur / U18 stúlkur
13:30	Langstökk	Blandað
14:00	1500m	Karlar
14:00	Hástökk	Karlar
14:10	800/1500m	Konur
14:20	200m	Karlar
14:30	Kringlukast	Karlar
14:35	200m	Konur